

Borgarritari skal vera embættisgengur lögfræðingur. Hann stendur beint undir borgarstjóra, og skal hafa á hendi stjórnina á innheimtu bæjartekna, umsjá sérstakra sjóða bæjarins og störf skrifstofustjóra að því er kemur til fjármála, fasteignamála og þeirra annara mála, sem ekki eru lögð undir skrifstofustjóra, framfærslu- og félagsmála. Hann skal og flytja mál bæjarins fyrir undirrétti, nema málf lutningur sé í einstökum tilfellum öðrum falinn sérstaklega.

3. gr.

Á eftir 1. lið í upptalningu starfsmanna bæjarins í 20. gr. (sem verður 21. gr.) komi nýr liður:

2. Borgarritari.

Liðatalan breytist samkvæmt því.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt tilskipun 20. apríl 1872, sbr. lög nr. 59, 14. júní 1929 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. marz 1934.

Magnús Guðmundsson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

um staðfesting dómsmálaráðuneytisins á viðauka við 20. gr. lögreglusamþykktar fyrir Vestmannaeyjar.

Samkvæmt lögum nr. 1 frá 1890, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, er hér með staðfestur eftirritaður

VIÐAUKI

við lögreglusamþykkt fyrir Vestmannaeyjar, frá 31. marz 1928.

Við 20. gr. bætist:

Unglingum innan 16 ára aldurs er bannað að sækja dansleiki fullorðinna og gangast fyrir danssamkomum barna á svipuðu reki. Ennfremur skal lögreglustjóra heimilt að banna stöður barna og unglunga á þessu reki í knattborðssal.

Viðauki þessi öðlast gildi 1. apríl 1934.

Þetta birtist hér með til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 16. marz 1934.

Magnús Guðmundsson.

Gissur Bergsteinsson.